

Nd.

830. Nefndarálit

[37. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft þetta frv. til umfjöllunar meginhluta þingtímans og fengið umsagnir frá fjölmörgum aðilum.

Frv. felur í sér að skattstjórar fái heimild til að veita sérstaka skattaávilnun þegar skattþegn verður fyrir verulegum útgjöldum vegna tannviðgerða svo að gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Í 66. gr. skattalaga eru eftirfarandi ákvæði um lækkun tekjuskattsstofns ef skattaðilar verða fyrir þungum búsfjum og gjaldþol þeirra skerðist verulega af þeim sökum:

- 1) Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannlát hafa skert gjaldþol manns verulega.
- 2) Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslu-kostnað og móttæknar bætur.
- 3) Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
- 4) Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.
- 5) Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignartjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
- 6) Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna taps á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.

Útgjöld einstaklinga og heimila eru oft mjög mikil vegna tannlækninga og geta í mörgum tilvikum skert greiðsluþol manna verulega, ekki síður en þau ákvæði 66. gr. skattalaganna sem áður er að vikið. Benda má á að í sumum þeirra tilvika, sem veita skattávilnun samkv. 66. gr., kemur einnig greiðsla frá sjúkratryggingum almannatrygginga.

Með frumvarpinu er vitaskuld einungis stigið takmarkað skref í því að létta undir með fólki vegna kostnaðar af tannviðgerðum.

Vitaskuld er að mörgu leyti eðlilegt að auka þátttöku almannatrygginga í greiðslu tannlækninga. Fjárlagafrumvarpið fyrir 1984 og allur aðdragandi þessa máls gefur þó ekki tilefni til að ætla að slík úrbót sé á næsta leiti. Nýframkomnar tillögur ríkisstjórnarinnar um skerðingu á þátttöku almannatrygginganna í tannlækningakostnaði gefa hins vegar fyllsta tilefni til þess að koma til móts við þá, sem illa eru settir að því er gjaldþol varðar, með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar.

Fyrir því leggur minni hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 10. maí 1984.

Kjartan Jóhannsson.